

Vorskýrsla/samantekt – innra mat

Starfið í vetur hefur verið nokkuð hefðbundið. Hópastarf, Lubbi, tónlist, listasmiðja og tilraunir. En tilraunir kom með nýjum starfsmanni í haust. Einnig hafa starfsmenn farið á námskeið í *Vináttu – Blæ*, sem er verkefni á vegum Barnaheilla og var ákveðið að hafa sem einn af hornsteinum leikskólans, þ.e. hugmyndafræðina sem er á bakvið Blæ. Auk þess sem allir starfsmenn sátu námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um kvíða leikskólabarna.

Vinátta – Blær er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla, frístundaheimilum og dagforeldrum. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum, foreldrum þeirra og starfsfólki. Hugmyndafræði verkefnisins endurspeglast í fjórum gildum:

- Umburðarlyndi:
 - Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- Virðing:
 - Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- Umhyggja:
 - Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- Hugrekki:
 - Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Á næsta starfsári munum við leggja enn frekari áherslu á þessi gildi með því að taka þau markvisst inn í starfið (sjá leikskóladagatal).

Í haust var tekið inn *Karellen* sem er skráningarkerfi og heldur utan um allar skráningar, s.s. mætingar, svefn, matartíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum kerfið, auk þess sem foreldrar geta skráð inn fjarvistir. Það er almenn ánægja með kerfið.

Vinnustytting hefur tekið gildi, frá 1. janúar. Starfsmenn hafa bæði verið að taka vikulega vinnustyttingu og safnað henni upp (til að nýta í sauðburði). Einnig er vinnustytting nýtt þegar leikskólinn er lokaður milli jóla og nýárs.

Takmarkanir hafa verið á starfinu v/C-19, þar sem foreldrar hafa ekki mátt koma inn í leikskólann. Þannig hafa t.d. kaffiboð vegna bónda- og konudags fallið niður, auk aðventukaffis. Við vonumst þó til að það verði hægt að halda þessi boð á næsta skólaári.

Í haust byrjuðum við með þrjá hópa og voru börnin 1 – 4 ára, sem sagt mjög ungir nemendur. Um áramót ákváðum við að sameina yngstu hópana tvo, og þar með eru allir hópar á efri hæð. Það hefur létt töluvert á starfinu, þar sem mannauðurinn nýtist betur og samvinna eykst. Yngstu nemendur fá líka meiri örvun þar sem þeir taka þátt í hópastarfi með eldri nemendum. Annars höfum við lagt áherslu á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir, bæði með því að færa á milli hópa sem og í verkefnavali.

Starfsmannaáðstaða hefur verið stórbætt, þar sem engin áðstaða innan leikskólans var til staðar. Útbúin hefur verið kaffistofa og vinnuáðstaða fyrir undirbúningsvinnu.

Nýsigögn – gögn fyrir nemendur. Tveir dúkkuvagnar og tvö jafnvægishjól, til að vera með úti voru keypt. Bætt við var við annarri ungbarnarólu á rólusvæði. Töluvert var bætt í búningasafnið, bæði keypt notað og eins fengum við gefins. Tvíburakerra var keypt (notuð) svo hægt sé að fara í lengri gönguferðir, en fyrir voru tvær kerrur sem Hólabær hafði fengið gefins. Hirslur fyrir leikföng og stólar fyrir starfsmenn (í leikrými) hefur að hluta verið endurnýja og/eða bætt við. Grjónapúðar eru komnir í „Rauðu stofu“, og svo var okkur gefin „Fatboy“ sem er í leikrými á neðri hæð.

Foreldraviðtöl gengu vel og eru foreldrar ánægðir með starfið í leikskólanum. Niðurstöður innra mats, sem lagt var fyrir foreldra í febrúar sýndu það líka. Það gefur okkur byr undir báða vængi að halda áfram á sömu braut og bæta bara í ☺

Sú nýbreytni var í vetur að nemendur fengu **jólagjafir** frá leikskólanum, einnig fengu foreldrar jólakort frá leikskólanum með mynd sem börnin lituðu. Í tilefni af **Sumardeginum fyrsta** fengu nemendur kveðju frá Hólabæ, þar sem búið var að skrifa eitthvað fallett um þau.



Breyta þurfti leikskóladagatali í haust, vegna **sumarlokunar**. Sumarlokun hefur alltaf verið 6 vikur en var 4 samkv. dagatali. Eftir að hafa lagt fyrir könnun á meðal foreldra og starfsmanna, var ákveðið að loka í 5 vikur, frá með 2. júlí til og með 6. ágúst. Sumarlokun 2022 verður 6 vikur, eins og venjan var.

Í vetur hafa einnig verið sett um **hlið inn í stofur**. Þar með er hægt að hafa opið inn, en hliðið lokað, svo að nemendur fari ekki. Þannig er auðveldara að halda utan um nemendahópinn án þess að loka alveg hurðum.



Í **dymbilviku** var lokað hjá okkur, þar sem engin börn hefðu verið.

Frábært **samstarf** hefur verið með **Tómstundastarfinu**, þar sem við höfum verið með í fimleikum einu sinni í viku, þ.e. eldri hóparnir tveir. Við viljum endilega halda því samstarfi áfram og jafnvel auka við, ef hægt er.

Starfsmannasamtöl gengu vel. Starfsmenn voru ánægðir með starfið og hvernig okkur hefur tekist að snúa við óánægjunni sem myndast hafði á síðasta starfsári. Samkvæmt viðtölum munu allir halda áfram, sem eru með fastráðningu.

Leikskóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022 hefur verið samþykkt af starfsmönnum og skólaráði.

Leikskólalóð mun verða endurnýjuð að fullu í sumar, þegar leikskólinn lokar. Mikil tilhlökkun er með að það verkefni sé loksins farið af stað.

Framhaldið:

- Samstarf verður við Tómstundastarfið í sumar, þar sem tilvonandi skólahópur fær að taka þátt í leikjanámskeiði að hluta. Um það bil klst, þrisvar í viku. Einnig verðum við með sameiginlega vor/sumarhátíð fyrir nemendur.
- Sú nýbreytni verður í haust að tekið verður á móti 9 mánaða börnum, en nú er tekið við börnum þegar þau hafa náð 12 mánaða aldri.